

# **Grímsnes- og Grafningshreppur**

**Ársreikningur 2019**

**Efnisyfirlit****bls.**

Skýrsla sveitarstjórnar og sveitarstjóra .....	<b>2</b>
Áritun óháðs endurskoðanda .....	<b>3 - 4</b>
Rekstrarreikningur .....	<b>5</b>
Efnahagsreikningur .....	<b>6 - 7</b>
Sjóðstreymi .....	<b>8</b>
Skýringar .....	<b>9 - 23</b>

Grímsnes- og Grafningshreppur  
kennitala: 590698-2109  
Borg, 801 Selfoss

## Skýrsla sveitarstjórnar og sveitarstjóra

Starfsemi sveitarfélagsins er skipt í A hluta annarsvegar og B hluta hinsvegar. Til A hluta telst starfsemi sem að hluta eða öllu leyti er fjármögnuð með skatttekjum en í B hluta eru fyrirtæki sem að hálfu eða meirihluta eru í eigu sveitarfélagsins og eru rekin sem sjálfstæðar einingar.

Rekstur sveitarfélagsins var með svipuðu móti í ár og síðastliðið ár. Heildarvelta sveitarfélagsins samkvæmt samanteknum rekstrarreikningi fyrir A og B hluta 2019 nam 1.173 mkr. og er 26,3 mkr. yfir áætlun. Skatttekjur sveitarfélagsins samtals námu 783,1 mkr. og voru 1,9 mkr. undir áætlun. Samtals námu rekstrartekjur A hluta 1.000,1 mkr. en áætlun gerði ráð fyrir 999,3 mkr.

Það er álit sveitarstjórnar að allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu sveitarfélagsins í árslok, rekstrararángri ársins og fjárhagslegri þróun, komi fram í ársreikningnum.

Rekstrarniðurstaða A hluta er hagnaður að fjárhæð 564,8 mkr. en áætlun gerði ráð fyrir hagnaði að fjárhæð 593,4 mkr. Rekstrarniðurstaða samantekinna reikningsskila sveitarfélagsins er hagnaður að fjárhæð 607,4 mkr. og er afkoman 19,8 mkr. betri en áætlun gerði ráð fyrir.

Íbúafjöldi Grímsnes- og Grafningshrepps 1. desember 2018 var 481 en var 504 þann 1. desember 2019. Íbúum fjölgæði um 23.

Covid-19 faraldurinn sem nú gengur yfir heimsbyggðina mun hafa veruleg áhrif á mörgum sviðum. Veruleg óvissa ríkir um efnahagsleg áhrif hans s.s. vegna óvissu um hve lengi hann muni vara og hver endanleg áhrif verði þegar hann hefur gengið yfir. Þess má vænta að áhrif á rekstur sveitarfélagsins verði tölverð m.a. vegna lægri tekna, frestun gjalddaga og aukinna útgjalda. Sjá nánar í skýringu 16.

Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps ásamt sveitarstjóra, staðfesta hér með ársreikning sveitarfélagsins og stofnana þess fyrir árið 2019 með undirritun sinni.

Borg, 20. maí 2020

Sveitarstjórn

Inga Hardardóttir  
 Smári B. Kolbeinsson  
 Asa Valdis Ámadóttir  
 Bjarni Þorleifsson  
 Birn Kristin Palnrosson

Sveitarstjóri

Inga Hardard.

# Áritun óháðs endurskoðanda

**Til sveitarstjórnar Grímsnes- og Grafningshrepps.**

## Álit

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Grímsnes- og Grafningshrepps fyrir árið 2019. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu sveitarstjórnar og sveitarstjóra, ársreikning fyrir A hluta starfsemi sveitarfélagsins og ársreikning fyrir A og B hluta. Hann greinist í rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu sveitarfélagsins á árinu 2019, efnahag þess 31. desember 2019 og breytingu á handbæru fé á árinu 2019, í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur, og að skýrsla sveitarstjórnar og sveitarstjóra hafi að geyma þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga komi þær ekki fram annars staðar í ársreikningnum.

## Grundvöllur álits

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt stöðlunum er nánar útskýrð í kaflanum um ábyrgð endurskoðenda. Við erum óháð sveitarfélagini samkvæmt ákvæðum siðareglna sem gilda um endurskoðendur á Íslandi og varða endurskoðun okkar á ársreikningi sveitarfélagsins. Við uppfyllum jafnframt aðrar kröfur um starf okkar sem endurskoðendur í samræmi við ákvæði siðareglna.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

## Ábyrgð sveitarstjórnar og sveitarstjóra á ársreikningnum

Sveitarstjórn og sveitarstjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur. Sveitarstjórn og sveitarstjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er að sé til staðar varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins ber sveitarstjórn og sveitarstjóra að meta hæfi sveitarfélagsins til áframhaldandi starfsemi og semja ársreikning sveitarfélagsins á þeiri forsendu að um áframhaldandi starfsemi sé að ræða, nema mat þeirra sé að áframhaldandi starfsemi sé ekki möguleg. Stjórnendum sveitarfélagsins ber að setja fram viðeigandi skýringar um rekstrarhæfi og fjárhagsstöðu sveitarfélagsins.

Sveitarstjórn skal hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

## Ábyrgð endurskoðenda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka og gefa út áritun með áliti okkar. Nægjanleg vissa er mikil vissa en ekki trygging þess að endurskoðun, sem framkvæmd er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla, muni ávallt leiða í ljós alla verulega annmarka séu þeir til staðar. Annmarkar geta stafað af sviksemi eða mistökum og eru metnir verulegir ef þeir, einir og sér eða samanlagðir, gætu haft áhrif á fjárhagslegar ákvarðanir notenda sem grundvallaðar eru á ársreikningnum.

## Áritun óháðs endurskoðanda

Endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla byggir á faglegu mati og faglegri tortryggni. Við framkvæmum einnig eftifarandi:

Greinum og metum áhættuna af verulegum annmörkum, vegna sviksemi eða mistaka, og skipuleggjum endurskoðunaraðgerðir til að mæta þessari áhættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi grunnur fyrir álit okkar. Áhættan af því að greina ekki verulega annmarka sem stafa af sviksemi er meiri en áhætta af annmörkum vegna mistaka, þar sem sviksemi getur stafað af fölsun, misvísandi framsetningu ársreiknings, að mikilvægum atriðum sé viljandi sleppt, samanteknum ráðum eða að innra eftirlit sé sniðgengið.

Öflum skilnings á innra eftirliti sem er viðeigandi fyrir endurskoðun okkar í þeim tilgangi að hanna endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits sveitarfélagsins.

Metum hvort val stjórnenda á reikningsskilaaðferðum sé viðeigandi og hvort matsaðferðir þeirra séu raunhæfar. Einnig skoðum við hvort tengdar skýringar séu við hæfi.

Ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um áframhaldandi starfsemi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasendum um rekstrarhæfi. Ef við teljum að veruleg óvissa ríki, ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum í ársreikningnum um óvissuna og ef þær upplýsingar eru ekki nægjanlegar að okkar mati, víkjum við frá fyrirvaralausu álit. Niðurstaða okkar byggir á þeim endurskoðunargögnum sem við höfum aflað fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni leitt til þess að félagið verði ekki lengur rekstrarhæft.

Metum framsetningu, gerð og innihald ársreikningsins í heild, að meðtöldum skýringum og hvort hann grundvallast á fyrilliggjandi færslum og atburðum og gefi glögga mynd samanber álit okkar.

Við upplýsum sveitarstjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem upp geta komið í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti ef við á.

Borg, 20. maí 2020

**PricewaterhouseCoopers ehf.**  
  
 Ólafur Gestsson  
 löggiltur endurskoðandi

## Rekstrarreikningur ársins 2019

	Skýr.	Sveitarsjóður A-hluti			Samantekin reikningsskil A og B hluti		
		2019	Fjárh.áætl.	2018	2019	Fjárh.áætl.	2018
<b>Tekjur</b>	2						
Skatttekjur .....		784.035	786.115	722.419	783.073	784.979	721.594
Framlög jöfnunarsjóðs .....		64.830	64.648	0	64.830	64.648	0
Aðrar tekjur .....		151.699	148.550	193.513	325.073	297.059	358.710
		1.000.564	999.313	915.932	1.172.976	1.146.686	1.080.305
<b>Gjöld</b>							
Laun og launatengd gjöld .....	3	375.415	374.832	336.659	389.459	390.794	348.262
Lífeyrissjóðurinn Brú .....	3,13	1.634	1.633	1.634	1.706	1.706	1.706
Annar rekstrarkostnaður .....		456.092	441.381	430.434	514.110	504.587	498.537
		833.141	817.846	768.727	905.274	897.087	848.504
<b>Rekstrarniðurstaða fyrir afskriftir</b>		167.423	181.467	147.205	267.702	249.599	231.801
Afskriftir .....	6	(43.941)	(40.999)	(42.643)	(68.675)	(70.036)	(67.937)
<b>Niðurstaða án fjármagnsliða</b>		123.482	140.468	104.562	199.027	179.563	163.864
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) .....	4	(10.367)	1.262	(18.400)	(43.278)	(43.608)	(53.769)
<b>Niðurstaða fyrir óreglulega liði</b>		113.114	141.730	86.162	155.749	135.955	110.096
Jöfnunarsjóður / dómsmál .....	15	451.678	451.678	0	451.678	451.678	0
<b>Rekstrarniðurstaða</b>	5	<u>564.792</u>	<u>593.408</u>	<u>86.162</u>	<u>607.426</u>	<u>587.633</u>	<u>110.096</u>

## Efnahagsreikningur 31. desember 2019

<b>Eignir</b>	<b>Skýr.</b>	<b>Sveitarsjóður A-hluti</b>		<b>Samantekin reikningsskil A og B hluti</b>	
		<b>2019</b>	<b>2018</b>	<b>2019</b>	<b>2018</b>
<b>Fastafjármunir</b>					
Varanlegir rekstrarfjármunir:	6				
Fasteignir og lóðir .....		1.000.706	955.159	1.015.732	970.303
Veitukerfi, gatnakerfi og gámaplön ....		77.984	93.556	450.651	451.008
Bifreiðar, vélar, áhöld og tæki .....		10.491	15.800	15.928	18.170
		<u>1.089.181</u>	<u>1.064.514</u>	<u>1.482.311</u>	<u>1.439.481</u>
Áhættufjármunir og langtímakröfur:					
Eignarhlutir í félögum .....	7	36.160	36.160	36.160	36.160
Langtímakröfur á eigin fyrirtæki .....	8	56.706	74.509	0	0
Fyrirframgreiddur kostnaður .....	13	<u>40.890</u>	<u>42.524</u>	<u>42.688</u>	<u>44.394</u>
		<u>133.757</u>	<u>153.194</u>	<u>78.848</u>	<u>80.554</u>
<b>Fastafjármunir samtals</b>		<b>1.222.938</b>	<b>1.217.708</b>	<b>1.561.159</b>	<b>1.520.035</b>
<b>Veltufjármunir</b>					
Óinnheimtar tekjur .....	9	61.165	36.187	87.337	67.327
Næsta árs afb. eigin fyrirtækja .....	8	19.793	18.448	0	0
Fyrirframgreiddur kostnaður .....	13	1.634	1.634	1.706	1.706
Viðskiptakröfur á eigin fyrirtæki .....		550.637	535.761	0	0
Aðrar skammtímakröfur .....	9	3.500	2.379	3.500	2.379
Handbært fé .....		<u>642.449</u>	<u>124.181</u>	<u>689.499</u>	<u>148.278</u>
		<u>1.279.177</u>	<u>718.589</u>	<u>782.041</u>	<u>219.690</u>
<b>Eignir samtals</b>		<b><u>2.502.114</u></b>	<b><u>1.936.297</u></b>	<b><u>2.343.199</u></b>	<b><u>1.739.724</u></b>

## Efnahagsreikningur 31. desember 2019

<b>Eigið fé og skuldir</b>	Skýr.	<b>Sveitarsjóður A-hluti</b>		<b>Samantekin reikningsskil A og B hluti</b>	
		2019	2018	2019	2018
<b>Eigið fé</b>					
Eigið fé .....	10	1.710.053	1.145.261	1.357.048	749.622
<b>Langtímaskuldir</b>					
Skuldir við lánastofnanir .....	11	677.897	699.955	816.079	841.780
<b>Skammtímaskuldir</b>					
Viðskiptaskuldir .....		30.099	15.451	72.737	44.483
Næsta árs afb. langtímaskulda .....	11	40.752	38.596	48.200	47.836
Aðrar skammtímaskuldir .....		43.313	37.033	49.135	42.090
Fyrirfram innheimtar tekjur .....		0	0	0	13.914
		114.164	91.080	170.072	148.322
<b>Skuldir samtals</b>		792.061	791.035	986.151	990.102
<b>Eigið fé og skuldir samtals</b>		<u>2.502.114</u>	<u>1.936.297</u>	<u>2.343.199</u>	<u>1.739.724</u>

**Aðrar upplýsingar** 12-17

## Yfirlit um sjóðstreymi árið 2019

	Sveitarsjóður A-hluti			Samantekin reikningsskil A og B hluti		
	2019	Fjárh.áætl.	2018	2019	Fjárh.áætl.	2018
<b>Rekstrarhreyfingar</b>						
Hreint veitufé frá rekstri:						
Rekstrrafkoma ársins .....	564.792	593.408	86.162	607.426	587.633	110.096
Liðir sem hafa ekki áhrif á fjárdstreymi:						
Reiknaðar afskriftir .....	43.941	40.999	42.643	68.675	70.036	67.937
Verðbætur .....	16.716	10.994	20.120	23.120	25.739	28.692
Söluhagnaður eigna .....	0	0	0	0	0	(16.634)
Óreglulegar tekjur .....	(451.678)	(451.677)	0	(451.678)	(451.677)	0
	173.772	193.724	148.925	247.544	231.731	190.091
Breyting rekstrart, eigna- og skuldaliða:						
Óinnheimtar tekjur .....	(24.978)	0	21.918	(20.009)	0	13.145
Aðrar skammtímakröfur .....	(1.121)	0	485	(1.121)	0	485
Skammtímaskuldir .....	20.928	0	(93.894)	21.385	0	(95.652)
	(5.170)	0	(71.490)	255	0	(82.022)
<b>Handbært fé frá rekstri</b>	<b>168.601</b>	<b>193.724</b>	<b>77.435</b>	<b>247.799</b>	<b>231.731</b>	<b>108.069</b>
<b>Fjárfestingahreyfingar</b>						
Fjárfesting í rekstrarfjármunum .....	(72.108)	(91.000)	(46.014)	(115.005)	(162.000)	(68.784)
Söluverð rekstrarfjármuna .....	3.500	0	52.000	3.500	0	82.000
Langtímakröfur, breyting .....	1.634	1.633	(44.158)	1.706	1.704	(46.099)
Langtímakr. eigin stofnanir, breyting .....	18.941	(538.660)	17.654	0	0	0
	(48.033)	(628.027)	(20.518)	(109.800)	(160.296)	(32.884)
<b>Fjármögnunarhreyfingar</b>						
Tekin ný langtímalán .....	0	0	85.000	0	0	85.000
Afborganir langtímalána .....	(39.101)	(41.331)	(38.735)	(48.456)	(52.807)	(62.355)
Eigin fyrirtæki, breyting .....	(14.876)	495.269	(23.493)	0	0	0
Óreglulegar tekjur .....	451.678	451.677	0	451.678	451.677	0
	397.700	905.615	22.772	403.221	398.870	22.645
<b>Hækkun á handbæru fé</b>	<b>518.268</b>	<b>471.312</b>	<b>79.689</b>	<b>541.221</b>	<b>470.305</b>	<b>97.830</b>
<b>Handbært fé í ársþyrjun</b>	<b>124.181</b>	<b>77.519</b>	<b>44.492</b>	<b>148.278</b>	<b>79.016</b>	<b>50.448</b>
<b>Handbært fé í árslok</b>	<b>642.449</b>	<b>548.831</b>	<b>124.181</b>	<b>689.499</b>	<b>549.321</b>	<b>148.278</b>

# Skýringar

## 1. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

### 1.1 Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við sveitarstjórnarlög, lög um ársreikninga, reglugerð um bókhald, fjárhagsáælanir og ársreikninga sveitarfélaga og auglýsingar innanríkisráðuneytisins um reikningsskil sveitarfélaga. Ársreikningurinn byggir í meginatriðum á sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

Til sveitarsjóðs (A hluta), telst starfsemi sem að hluta eða öllu leyti er fjármögnuð með skatttekjum. Er þar um að ræða aðalsjóð, eignasjóð og þjónustumiðstöð. Til B hluta teljast stofnanir og fyrirtæki sem að hálfu eða meiri hluta eru í eigu Grímsnes- og Grafningshrepps, en rekstur þessara fyrirtækja og stofnana er fjármagnaður með þjónustutekjum. Fyrirtæki og stofnanir sem falla undir B hluta eru félagslegar íbúðir, fráveita, vatnsveita og hitaveita.

Við gerð reikningsskilanna samkvæmt settum reikningsskilareglum þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Þó svo mat þetta sé samkvæmt bestu vitund stjórnenda geta rauveruleg verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir reynst önnur en niðurstaða samkvæmt matinu.

### 1.2 Samantekinn ársreikningur

Ársreikningur sveitarsjóðs (A hluta) og samstæðu (A og B hluta) er gerður með þeim hætti að lagðir eru saman sambærilegir liðir eigna, skulda, tekna og gjalda úr ársreikningum einstakra fyrirtækja og stofnana en öllum innbyrðis viðskiptum, inneignum og skuldum er eytt.

### 1.3 Innlausn tekna

Skatttekjur eru færðar til tekna við álagningu þeirra en til lækkunar er færð reiknuð breyting á niðurfærslu vegna óinnheimtra skatttekna. Til skatttekna teljast útsvar, fasteignaskattur, lóðarleiga og framlög úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga.

Sala vörðu og þjónustu er færð til tekna í rekstrarreikningi að frádregnum afslætti og virðisaukaskatti. Tekjufærslan er miðuð við afhendingartíma.

### 1.4 Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Vaxtatekjur eru tekjufærðar miðað við upphaflega ávöxtunarkröfu skuldabréfaeignar og áfallnar vaxtatekjur vegna bankainnistæðna og viðskiptakrafna eru tekjufærðar nema vafi leiki á um innheimtu þeirra.

Arðstekjur eru tekjufærðar þegar ákvörðun aðalfundar um arðgreiðslu í viðkomandi félögum liggur fyrir.

Viðskipti í öðrum myntum en íslenskum krónum eru umreiknuð yfir í íslenskar krónur á gengi viðskiptadags. Gengismunur sem myndast við greiðslu skulda er færður í rekstrarreikning sem og áfallinn gengismunur á skuldir í árslok.

# Skýringar

## 1.5 Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Afskriftir eru reiknaðar sem fastur árlegur hundraðshluti af stofnverði. Afskriftatími eignaflokka er eftirfarandi:

Fasteignir og lóðir .....	25 - 40 ár
Veitukerfi .....	25 ár
Gatnakerfi og gámaplönn .....	25 ár
Bifreiðar, vélar, áhöld og tæki .....	5-15 ár

Afskriftir eru reiknaðar hlutfallslega innan ársins.

Þegar bókfært verð eigna er hærra en endurheimtanlegt verð þeirra, eru eignirnar færðar niður í endurheimtanlegt verð.

Hagnaður eða tap af sölu eigna er mismunur á söluverði og bókfærðu verði eigna á söludegi og er hluti af rekstrarniðurstöðu. Þegar eignir eru seldar sem endurmetnar hafa verið sérstaklega, eru fjárhædir á sérstöku endurmati meðal eigin fjár sem tilheyra viðkomandi eignum millifærðar á óráðstafað eigið fé.

Vaxtagjöld af lánum sem tekin hafa verið til þess að fjármagna varanlega rekstrarfjármuni eru eignfærð á þeim tíma sem það tekur að koma þeim í nýtingrhæft ástand. Önnur vaxtagjöld eru gjaldfærð í rekstrarreikningi.

Kostnaður vegna viðhalds er gjaldfærður í rekstrarreikningi þegar hann verður til. Kostnaður við meiriháttar endurbætur á varanlegum rekstrarfjármunum er eignfærður þegar endurbæturnar hafa í för með sér að eignir verði hæfari til tekjuöflunar eða nýtingartími verður lengri. Endurbæturnar eru afskrifaðar á áætluðum endingartíma viðkomandi eigna.

Lóðir og lendur eru endurmetnar með reglubundnum hætti. Á hverjum reikningsskiladegi er yfirfarið hvort gangvirði þessara eigna hafi vikið verulega frá bókfærðu verði þeirra. Sé um verulegt frávik að ræða eru þær endurmetnar. Í þessu samhengi er frávik talið verulegt ef það nemur 5% eða meira frá bókfærðu verði. Verðmatsbreytingar vegna þessa endurmats eru færðar á eignfjárréikning.

## 1.6 Eignarhlutir í félögum

Eignarhlutir í félögum og stofnframlög í byggðasamlögum eru færð á kostnaðarverði.

## 1.7 Óinnheimtar skatttekjur og aðrar kröfur

Óinnheimtar skatttekjur og aðrar kröfur eru færðar á nafnverði að frádreginni niðurfærslu til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum kröfum og kröfunum í heild. Kröfur sem eru endanlega tapaðar eru færðar út úr bókum sveitarfélagsins.

## 1.8 Handbært fé

Handbært fé samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnistiðum.

## 1.9 Eignir utan efnahagsréiknings

Fjárfesting í lausafjármunum og gatnagerðarframkvæmdum sem áður hefur verið gjaldfærð er ekki færð til eignar í efnahagsréikningi.

## Skýringar

### 1.10 Tekjuskattsinneign

Með lögum um skattskyldu orkuþyrirtækja nr. 50/2005 er kveðið á um að orkuþyrirtæki sem höfðu verið undanþegin tekjuskatti skuli vera skattskyld frá og með árinu 2006. Hitaveita sveitarfélagsins er hluti B-hluta ársreiknings samstæðu sveitarfélagsins og gilda framangreind lög um þá starfsemi.

Verulegur taprekstur hefur verið á hitaveitu sveitarfélagsins undanfarin ár og er ekki sjáanlegur viðsnuningur á rekstrinum í 3ja ára áætlun sveitarfélagsins. Vegna verulegrar óvissu um nýtingu tekjuskattsinneignarinnar sem er tilkomin vegna taprekstrarins er inneignin ekki færð í reikningsskilin.

### 1.11 Verðtryggðar eignir og skuldir

Verðtryggðar eignir og skuldir eru umreiknaðar miðað við vísitölur sem tóku gildi í ársþyrjun 2020. Áfallnar verðbætur á höfuðstól eigna og skulda eru færðar í rekstrarreikning.

### 1.12 Fjárhagsáætlun

Fjárhagsáætlun sveitarfélagsins fyrir árið 2019 er hluti ársreikningsins og er birt í rekstrarreikningi, yfirliti um sjóðstreymi og skýringum.

### 1.13 Breytingar á samanburðartölum

Þar sem það hefur átt við hefur samanburðarfjárhæðum verið breytt til þess að gæta samræmis við breytingu á framsetningu þessa árs.

## Skýringar

### 2. Rekstrartekjur

Rekstrartekjur greinast þannig:

	Sveitarsjóður 2019	Áætlun	Samantekin reikningsskil 2019	Áætlun
<b>Skatttekjur:</b>				
Útsvör .....	221.076	205.483	221.076	205.483
Fasteignaskattar .....	559.218	576.801	558.256	575.665
Lóðarleiga .....	3.740	3.831	3.740	3.831
	<u>784.035</u>	<u>786.115</u>	<u>783.073</u>	<u>784.979</u>
<b>Framlög Jöfnunarsjóðs:</b>				
Tekjujöfnunarframlag .....	45.214	45.118	45.214	45.118
Rekstrarframlag Grunnskóla .....	19.616	19.530	19.616	19.530
	<u>64.830</u>	<u>64.648</u>	<u>64.830</u>	<u>64.648</u>
<b>Skatttekjur samtals .....</b>	<b>848.865</b>	<b>850.763</b>	<b>847.903</b>	<b>849.627</b>
<b>Aðrar tekjur .....</b>	<b>151.699</b>	<b>148.550</b>	<b>325.073</b>	<b>297.059</b>
<b>Rekstrartekjur samtals .....</b>	<b>1.000.564</b>	<b>999.313</b>	<b>1.172.976</b>	<b>1.146.686</b>
<b>Íbúafjöldi .....</b>	<b>504</b>	<b>509</b>	<b>504</b>	<b>509</b>
<b>Skatttekjur á íbúa .....</b>	<b>1.684</b>	<b>1.671</b>	<b>1.682</b>	<b>1.669</b>

### 3. Laun og launatengd gjöld

Laun og launatengd gjöld greinast þannig:

	Sveitarsjóður 2019	Áætlun	Samantekin reikningsskil 2019	Áætlun
<b>Laun .....</b>	<b>306.852</b>	<b>304.892</b>	<b>318.428</b>	<b>317.906</b>
Launatengd gjöld .....	68.563	69.940	71.031	72.888
Lífeyrissjóðurinn Brú .....	1.634	1.633	1.706	1.706
	<u>377.049</u>	<u>376.465</u>	<u>391.164</u>	<u>392.500</u>

Laun og launatengd gjöld sveitarstjórnar og sveitarstjóra námu 40,6 mkr. á árinu 2019.

Stöðugildi í árslok 2019 voru 37,4.

## Skýringar

### 4. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld greinast þannig:

	Sveitarsjóður 2019	Áætlun	Samantekin reikningsskil 2019	Áætlun
Vaxtatekjur .....	30.777	45.298	8.786	10.762
Tekjur af eignarhlutum .....	975	0	975	0
Vaxtagjöld og verðbætur .....	(42.119)	(44.036)	(53.040)	(54.370)
	(10.367)	1.262	(43.278)	(43.608)

### 5. Heildaryfirlit um rekstur

	Gjöld	Tekjur	Mismunur	Áætlun
Aðalsjóður:				
Skatttekjur .....	0	863.619	863.619	861.145
Félagsþjónusta .....	47.223	865	(46.358)	(48.434)
Heilbrigðismál .....	46	0	(46)	(40)
Fræðslu- og uppeldismál .....	361.108	50.559	(310.549)	(315.690)
Menningarmál .....	29.027	7.123	(21.904)	(24.707)
Æskulýðs- og íþróttamál .....	112.561	24.574	(87.988)	(86.724)
Brunamál og almannavarnir .....	36.386	96	(36.291)	(36.695)
Hreinlætismál .....	80.571	68.475	(12.096)	(10.014)
Skipulags- og byggingarmál .....	50.296	18.914	(31.382)	(38.746)
Umferðar- og samgöngumál .....	30.901	0	(30.901)	(30.522)
Umhverfismál .....	6.543	3.110	(3.433)	(4.983)
Atvinnumál .....	60.785	5.159	(55.627)	(29.732)
Sameiginlegur kostnaður .....	130.544	8.073	(122.471)	(115.997)
Lífeyrissjóðurinn Brú .....	1.634		(1.634)	(1.633)
Óreglulegir liðir .....		451.678	451.678	451.678
Fjármagnsliðir .....	4.941	44.274	39.333	59.248
Millifærslur í aðalsjóði .....	(41.030)	(41.030)	0	0
Aðalsjóður samtals .....	911.537	1.505.486	593.950	628.154
Eignasjóður .....	114.385	88.960	(25.425)	(32.349)
Þjónustumiðstöð .....	18.732	15.000	(3.732)	(2.397)
Millifærslur í A hluta .....	(112.931)	(112.931)	0	0
Sveitarsjóður samtals .....	931.723	1.496.515	564.792	593.408
Félagslegar íbúðir .....	5.322	3.089	(2.234)	(2.847)
Fráveita .....	31.066	35.404	4.338	514
Hitaveita .....	64.419	78.066	13.646	(22.009)
Vatnsveita .....	35.383	62.267	26.884	18.567
Millifærslur í B hluta .....	(6.412)	(6.412)	0	0
Sjóðir í B-hluta samtals .....	129.778	172.412	42.634	(5.775)
Samantekið samtals	1.061.501	1.668.928	607.426	587.633

## Skýringar

### 6. Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir þeirra sem reiknaðar eru sem fastur hundraðshluti, greinast þannig:

	Fasteignir og lóðir	Gatnakerfi og gámaplön	Bifreiðar, áhöld og tæki	Samtals
<b>Sveitarsjóður:</b>				
Bókfært verð 1/1 .....	955.159	93.556	15.800	1.064.514
Viðbót á árinu .....	78.768	(6.660)		72.108
Selt á árinu .....	(3.500)	0	0	(3.500)
Afskrifað á árinu .....	(29.721)	(8.911)	(5.309)	(43.941)
<b>Bókfært verð 31/12 .....</b>	<b>1.000.706</b>	<b>77.984</b>	<b>10.491</b>	<b>1.089.181</b>

	Fasteignir og lóðir	Veitu- og gatnakerfi	Bifreiðar, vélar, áhöld og tæki	Samtals
<b>Samantekið:</b>				
Bókfært verð 1/1 .....	970.303	451.008	18.170	1.439.481
Viðbót á árinu .....	78.768	32.248	3.990	115.005
Selt á árinu .....	(3.500)	0	0	(3.500)
Afskrifað á árinu .....	(29.839)	(32.605)	(6.232)	(68.675)
<b>Bókfært verð 31/12 .....</b>	<b>1.015.732</b>	<b>450.651</b>	<b>15.928</b>	<b>1.482.311</b>

Vátryggingaverðmæti, fasteignamat og bókfært verð varanlegra rekstrarfjármuna sveitarsjóðs og B hluta stofnana, greinist þannig í árslok:

	Fasteignamat	Vátrygginga- verðmæti	Bókfært verð
<b>Sveitarsjóður:</b>			
Skólahúsnæði .....	229.163	705.302	382.505
Íþróttamannvirki .....	173.850	533.303	200.799
Stjórnsýsluhús .....	25.447	78.425	24.124
Félagsheimilið Borg .....	82.440	252.160	22.470
Hjónustuhúsnæði .....	14.863	32.630	12.822
Skálar .....	19.938	64.090	5.743
Gatnakerfi og gámaplön .....	0	0	77.984
Leigulóðir .....	164.870	0	74.808
Lóðir og lendur .....	145.748	264.794	177.582
Golfvöllur .....	68.680	0	99.853
Vélar og áhöld .....	0	66.676	10.491
<b>Samtals sveitarsjóður .....</b>	<b>924.999</b>	<b>1.997.381</b>	<b>1.089.181</b>

## Skýringar

	Fasteignamat	Vátrygginga-verðmæti	Bókfært verð
B-hluta stofnanir:			
Íbúðarhúsnæði .....	66.500	99.947	15.027
Veitukerfi .....	0	4.221.279	372.666
Aðrir rekstrarfjármunir .....	0	0	5.437
Samtals B-hluta stofnanir .....	<u>66.500</u>	<u>4.321.226</u>	<u>393.130</u>
Samantekið samtals .....	<u>991.499</u>	<u>6.318.607</u>	<u>1.482.311</u>

Samkvæmt reikningsskilaaðferð sveitarfélaga hafa tilteknar eignir sveitarfélagsins verið gjaldfærðar og því ekki færðar í efnahagsreikning.

### Lausafjármunir

Tryggingarverð lausafjármuna greinist þannig:

Stjórnsýsluhús .....	11.854
Kerhóllskóli .....	28.029
Íþróttamannvirki .....	10.125
Áhaldahús .....	9.508
Félagsheimili .....	16.669
Veitur .....	16.546
	<u>92.731</u>

### 7. Eignarhlutir í félögum

Bókfært verð eignarhluta í öðrum félögum greinist þannig:

Eignarhlutar í félögum:	Sveitarsjóður	Samantekið
Sláturfélag Suðurlands .....	202	202
Láanasjóður sveitarfélaga ohf .....	19.755	19.755
Eignarhaldsfélag Suðurlands hf. A-bréf .....	676	676
Eignarhaldsfélag Suðurlands hf. B-bréf .....	2.704	2.704
Vottunarstofan Tún ehf .....	74	74
Háskólasamfélag Suðurlands ehf .....	2.140	2.140
Rangábakkar Hestamiðstöð Suðurlands .....	339	339
Eignarhlutar í byggðasamlögum:		
Atvinnuþróunarsjóður Suðurlands .....	3.480	3.480
Uxahryggir ehf .....	500	500
Norðurvegur ehf .....	500	500
Stofnsjóður SS .....	1	1
Laugarás .....	5.682	5.682
Sorpstöð Suðurlands .....	107	107
	<u>36.160</u>	<u>36.160</u>

## Skýringar

### 8. Langtímakröfur

	Sveitarsjóður	Samantekið
Skuldabréf á eigin fyrirtæki .....	76.500	0
Næsta árs afborganir .....	(19.793)	0
	<u>56.706</u>	<u>0</u>

Afborganir af verðbréfæign greinast þannig á næstu ár:

Árið 2020 .....	19.793	0
Árið 2021 .....	20.173	0
Árið 2022 .....	21.081	0
Árið 2023 .....	14.121	0
Árið 2024 .....	1.331	0
	<u>76.500</u>	<u>0</u>

### 9. Skammtímakröfur

Niðurfærsla óinnheimtra tekna, annarra viðskiptakrafna og skammtímakrafna greinist þannig:

	Sveitarsjóður	Samantekið
Afskriftareikningur í ársbyrjun .....	6.691	9.247
Breyting afskriftaframlags á árinu .....	1.114	1.463
Afskriftareikningur í árslok .....	<u>7.805</u>	<u>10.710</u>

### 10. Eigið fé

Yfirlit um eiginfjárréikning:

	Sveitarsjóður	Samantekið
Eigið fé 1/1 .....	1.145.261	749.622
Rekstrarniðurstaða ársins .....	564.792	607.426
Eigið fé 31/12 .....	<u>1.710.053</u>	<u>1.357.048</u>

### 11. Langtímaskuldir

Sveitarsjóður:	Staða 1.1. 2019	Afborganir	Verðbætur	Eftirstöðvar 31.12.2019
Verðtryggð lán .....	738.552	(39.101)	19.199	718.649
Samantekið: Verðtryggð lán .....	889.616	(48.456)	23.120	864.279

## Skýringar

### 11. Langtímaskuldur, framhald

Yfirlit um langtímaskuldur:	Sveitarsjóður	Samantekið
Innlend verðtryggð lán, meðalvextir 3,13% .....	718.649	864.279
Næsta árs afborganir .....	(40.752)	(48.200)
	<u>677.897</u>	<u>816.079</u>

Afborganir af langtímaskuldum greinast þannig á næstu ár:

Árið 2020 .....	40.752	48.200
Árið 2021 .....	41.908	49.394
Árið 2022 .....	43.098	50.621
Árið 2023 .....	44.321	51.885
Árið 2024 .....	45.578	53.227
Síðar .....	<u>502.992</u>	<u>610.952</u>
Langtímaskuldur samtals, þar með taldar næsta árs afborganir .....	<u>718.649</u>	<u>864.279</u>

### 12. Heildaryfirlit um samantekna fjárhagsstöðu A og B hluta í árslok

Eignir, skuldir og eigið fé sveitarfélagsins greinist þannig:

	Eignarhluti	Eignir	Skuldir	Eigið fé
A hluti .....	100%	2.502.114	792.061	1.710.053
Félagslegar íbúðir .....	100%	15.027	54.949	(39.923)
Fráveita .....	100%	130.039	208.182	(78.143)
Hitaveita .....	100%	205.386	495.344	(289.958)
Vatnsveita .....	100%	117.770	62.751	55.019
Millifærslur, innbyrðis staða .....		(627.137)	(627.137)	0
Heildarstaða sveitarfélagsins 31.12.2019 .....		<u>2.343.199</u>	<u>986.151</u>	<u>1.357.048</u>

### 13. Samkomulag við Brú lífeyrissjóð vegna A-deilda

Þann 19. september 2016 gerðu Bandalag háskólamanna, BSRB og Kennarasamband Íslands, annars vegar og fjármála- og efnahagsráðherra og Samband íslenskra sveitarfélaga hins vegar, með sér samkomulag um breytingar á skipan lífeyrismála opinberra starfsmanna. Breytingarnar voru samþykktar á Alþingi með lögum nr. 127/2016 en þær fela meðal annars í sér breytingu á réttindaávinnslu lífeyrisrétti í A-deild LSR og Brúar (Lífeyrissjóðs starfsmanna sveitarfélaga) úr jafnri réttindaávinnslu í aldurstengda auk þess sem lífeyristökualdur er hækkaður úr 65 árum í 67 ár. Við breytingarnar eru réttindi virkra sjóðsfélaga tryggð með sérstökum framlögum til sjóðanna af hálfu launagreiðenda.

Samhliða því gerðu fjármála- og efnahagsráðherra og Samband íslenskra sveitarfélaga með sér samning um fjármögnum lífeyrisskuldbindinga A-deilda LSR og Brúar með fjárfamlögum til sjóðanna, dags. 19. september 2016. Samkvæmt 8. gr. samningsins var hann gerður meðal annars með þeim fyrirvara að hann skyldi öðlast gildi gagnvart einstökum sveitarfélögum og aðilum þeim tengdum við samþykkt stjórna viðkomandi aðila á uppgjöri þeirra á skuldbindingum sem myndast í A-deild Brúar.

Á árinu 2017 voru samþykkt bráðabirgðaákvæði (nr. 792/2017) við reglugerð nr. 1212/2015 þar sem mælt er fyrir um reikningshaldslega meðferð ofangreinds uppgjörs.

Í febrúar 2018 samþykkti sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps samkomulag um uppgjör við Brú á grundvelli ofangreinds. Uppgjörið miðaði við tryggingafræðilega stöðu sjóðsins þann 31. maí 2017.

## Skýringar

### 13. Samkomulag við Brú lífeyrissjóð vegna A-deildar, framhald

Framlög vegna Lífeyrisaukasjóðs og Varúðarsjóðs vegna uppgjörsins eru eignfræð sem fyrirframgreiddur kostnaður. Krafan er gjaldfærð á 20 árum vegna Varúðarsjóðs og 30 árum vegna Lífeyrisaukasjóðs og er gjaldfærsla ársins alls 1,7 mkr. færð í rekstur meðal launa og tengdra gjald.

Fyrirframgreiddur kostnaður greinist þannig:

	Sveitarsjóður	Samantekið
Fyrirframgreiddur kostnaður .....	40.890	42.688
Næsta árs gjaldfærsla , færð meðal veltufjármuna .....	1.634	1.706
Fyrirframgreiddur kostnaður alls .....	<u>42.524</u>	<u>44.394</u>

Samkvæmt breytingu á reglugerð nr. 502/2012 er heimilt að draga umrædda fyrirframgreiðslu frá við útreikning á skuldaviðmiði frá og með árinu 2018.

### 14. Aðrar upplýsingar

#### Ábyrgðarskuldbinding

Sveitarfélagið ber ábyrgð á láni sem Héraðsnefnd Árnesinga bs. tók til að fjármagna viðbyggingu við Fjölbautaskóla Suðurlands. Eftirstöðvar lánsins í árslok 2019 voru um 279,5 mkr. Lánið er á nafni Hérðasnefndar og greiða aðildarsveitarfélög það niður með framlögum til nefndarinnar.

Sveitarfélagið ber ábyrgð á lánum sem Brunavarnir Ánessýslu tóku vegna fjárfestinga til slökkvistarfa. Eftirstöðvar þeirra í árslok 2019 voru 394,1 mkr. Lánin eru á nafni Brunavarna Ánessýslu og greiða aðildarsveitarfélögini þau niður með framlögum.

Sveitarfélagið ber einnig ábyrgð á lánum sem Byggðasafn-, Héraðsskjalasafn-, Listasafn- og Tónlistarskóli Árnesinga tóku vegna uppgreiðslu á skuldum þeirra við Brú lífeyrissjóð. Eftirstöðvar þeirra í árslok 2019 voru 163 mkr.

#### Önnur atriði

Aðal- og varamenn í sveitarstjórn auk æðstu stjórnenda sveitarfélagsins eru skilgreindir sem tengdir aðilar sveitarfélagsins. Makar þessara aðila og ófjárráða börn og aðrir fjárhagslega háðir einstaklingar falla einnig undir skilgreininguna ásamt fyrirtækjum í eigu eða undir stjórn þessara aðila.

Sveitarfélagið hefur átt viðskipti við tengda aðila á árinu. Viðskipti sveitarfélagsins við tengda aðila eru á sömu forsendum og þegar um ótengda aðila er að ræða og eru skilyrði og skilmálar viðskiptanna sambærileg og við ótengda aðila. Við ákvörðun um viðskipti við tengda aðila er farið að hæfisreglum 20. gr. sveitarstjórnarlaga.

## Skýringar

### 15. Jöfnunarsjóður / dómsmálið

Með lögum nr. 139/2012 var gerð breyting á 18. gr. laga nr. 4/1995 um tekjustofna sveitarfélaga sem fólst í því að bætt var við 3. málslíð í greinina og þar mælt fyrir um að í reglugerð væri heimilt að kveða á um að þau sveitarfélög sem hefðu heildarskatttekjur af útsvari og fasteignaskatti sem teldist verulega umfram landsmeðaltal skyldu ekki njóta tiltekinna framлага úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga. Þágildandi reglugerð um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga nr. 960/2010 var svo breytt á grundvelli framangreindrar heimildar með reglugerð nr. 1226/2012. Var þar mælt fyrir um nýja grein í stofnreglugerðinni en samkvæmt henni skyldu framlög til þeirra sveitarfélaga þar sem heildarskatttekjur væru að minnsta kosti 50% umfram landsmeðaltal, það er útsvar og fasteignaskattur á hvern íbúa miðað við fullnýtingu þeirra tekjustofna, falla niður. Grímsnes- og Grafningshreppur var eitt þeirra fimm sveitarfélaga sem sættu niðurfellingu jöfnunarframлага af þessum sökum. Höfðaði sveitarfélagið mál á hendur íslenska ríkinu og krafðist greiðslu sem svaraði til þeirrar fjárhæðar sem hann hefði fengið á árunum 2013 til 2016 ef ekki hefði komið til ákvörðun ráðherra um niðurfellingu greiðslnanna. Í dómi Hæstaréttar kom fram að í skýringum í greinargerð frumvarps til stjórnarskipunarlagarla nr. 97/1995 með reglu þeiri er varð 2. mgr. 78. gr. kæmi fram að tilgangur hennar væri að taka af skarið um að ákvörðun um tekjustofna sveitarfélaga ætti undir löggjafarvaldið og þar með ekki undir framkvæmdarvaldið. Í ljósi stjórnarskipulegrar stöðu sveitarfélaga og fyrmæla 2. mgr. 78. gr. yrði lagaáskilnaðarregla ákvæðisins ekki túlkuð á annan veg en þann, að ekki væri heimilt að fella niður tekjustofna sveitarfélaga í heild eða að hluta nema með lögum. Yrði það því ekki gert með reglugerð. Auk þess mælti ákvæði 3. málslíðar 18. gr. laga nr. 4/1995 í fyrsta lagi fyrir um heimild ráðherra til þess að ákveða hvort fella skyldi niður jöfnunarframlið eða ekki og í öðru lagi til þess að ákveða hvað telja bæri verulega umfram landsmeðaltal. Hefði ráðherra því verið falið ákvörðunarvald um hvort skerða skyldi tekjustofna sveitarfélaga eða ekki andstætt því sem beinlínis væri tekið fram í lögskýringargögnum með 2. mgr. 78. gr. stjórnarskráinnar. Þá var talið ljóst að ráðherra væri ekki bundinn af ráðagerð í greinargerð frumvarps þess, sem síðar varð að lögum nr. 139/2012, um að 50% teldist verulega umfram landsmeðaltal. Var því talið að framsal löggjafans í 3. málslíð 18. gr. laga nr. 4/1995 á heimild til að fella niður framangreinda tekjustofna til sveitarfélagsins hefði farið í bága við lagaáskilnaðarreglu 2. mgr. 78. gr. stjórnarskráinnar. Var krafa Grímsnes- og Grafningshrepps því tekin til greina.

### 16. Atburðir eftir lok reikningsárs

Covid-19 faraldurinn sem fyrst heyrðist af í upphafi árs 2020 hefur breiðst hratt út um heimsbyggðina og mun hann hafa veruleg áhrif á mörgum sviðum. Efnahagslegar afleiðingar hans t.d. vegna útgöngu- og samgöngubanns meðal fjölda ríkja heims eru þegar orðnar verulegar og um framhaldið ríkir fullkomin óvissa, svo sem um hve lengi hann muni vara og þá hver endanleg áhrif hans verða. Á Íslandi sjást áhrifin í því að atvinnulífið hefur dregist mikil saman, nær engir ferðamenn koma til landsins, dregið hefur verulega úr fiskútflutningi og álframleiðsla á verulegum erfiðleikum vegna verðhruns. Það er ljóst að framangreint ástand mun hafa töluverð áhrif á rekstur Grímsnes- og Grafningshrepps á árinu 2020, en hve mikil er óvist. Áhrifin á rekstur munu ráðast af lækkun tekna, vegna aukinna útgjalda og vegna frestunar á gjalddögum útistandandi krafna sveitarfélagsins. Það er mat sveitarstjórnar að í ljósi þeirrar óvissu sem að framan er lýst, sé ekki unnt að leggja endanlegt mat á áhrif Covit-19 á rekstur sveitarfélagsins, en meta greiðsluhæfi sveitarfélagsins ekki skert. Til að mæta skammtíma áhrifum í sjóðsflæði á sveitarfélagið næga fjármuni. Það er hins vegar ljóst að forsendur fjárhagsáætlunar ársins 2020 eru að miklu leiti brostnar og er nú verið að vinna að breytingum á henni.

## Skýringar

### 17. Lykiltölur

Lykiltölur fyrir A-hluta - 5 ára yfirlit:	Áætlun með viðaukum	Ársreikningar					
		2019	2018	2017	2016	2015	
<b>Ýmsar lykiltölur</b>							
<b>Í hlutfalli við rekstrartekjur (%)</b>							
Framlegð (EBITDA).....	18,2%	16,7%	16,1%	10,6%	8,2%	8,5%	
Rekstrarniðurstaða.....	59,4%	56,4%	9,4%	4,5%	1,8%	1,7%	
Veltufé frá rekstri.....	19,4%	17,4%	16,3%	11,3%	10,9%	8,0%	
Fjárfesting í varanl. rekstrarfjármunum.....	9,1%	6,9%	-0,7%	14,7%	1,9%	3,0%	
Heildarskuldir og skuldb. - skuldahlutfall.....	79,0%	79,2%	86,4%	105,6%	108,4%	119,3%	
<b>Önnur hlutföll</b>							
Langt.sk. og skuldb. / veltufé frá rekstri (ár).....	3,5	3,9	4,7	7,3	8,6	12,9	
Veltufé frá rekstri / afb. skulda og skuldb.....	4,7	4,4	3,8	2,7	2,4	1,7	
Veltufjárhlfall.....	7,2	11,2	7,9	3,5	6,0	5,4	
<b>Fjárhagsleg viðmið sveitarstjórnarlag</b>							
Jafnvægisregla.....	59,4%	56,4%	9,4%	4,5%	1,8%	1,7%	
Skuldaviðmið.....	54,7%	-41,4%	13,2%	46,7%	37,0%	50,3%	
<b>Í hlutfalli við rekstrartekjur (%)</b>							
Útsvar .....	20,6%	22,1%	22,5%	24,8%	23,8%	20,0%	
Fasteignaskattur .....	57,7%	55,9%	56,0%	54,9%	54,6%	54,6%	
Framlög Jöfnunarsjóðs .....	6,5%	6,5%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	
Lóðarleiga .....	0,4%	0,4%	0,4%	0,4%	0,4%	0,4%	
Skatttekjur samtals .....	85,1%	84,8%	78,9%	80,1%	78,8%	74,9%	
Aðrar tekjur .....	14,9%	15,2%	21,1%	19,9%	21,2%	25,1%	
	100,0%	100,0%	100,0%	100,0%	100,0%	100,0%	
Laun og launatengd gjöld .....	37,5%	37,7%	36,8%	40,0%	41,4%	42,3%	
Annar rekstrarkostnaður .....	44,2%	45,6%	47,0%	46,2%	50,5%	49,2%	
Framlegð (EBITDA).....	18,2%	16,7%	16,1%	10,6%	8,2%	8,5%	
Afskriftir .....	4,1%	4,4%	4,7%	5,5%	6,0%	5,8%	
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) .....	-0,1%	1,0%	2,0%	0,5%	0,4%	1,0%	
Óreglulegir liðir .....	45,2%	45,1%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	
Rekstrarniðurstaða .....	59,4%	56,4%	9,4%	4,5%	1,8%	1,7%	
<b>Í þúsundum króna á íbúa:</b>							
<b>Rekstur</b>							
Skatttekjur .....	1.671	1.684	1.502	1.310	1.183	1.066	
Aðrar tekjur .....	292	301	402	326	317	356	
Laun og launatengd gjöld .....	(736)	(745)	(700)	(654)	(620)	(601)	
Annar rekstrarkostnaður .....	(867)	(905)	(895)	(756)	(757)	(700)	
Afskriftir .....	(81)	(87)	(89)	(91)	(90)	(82)	
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) .....	2	(21)	(38)	(9)	(6)	(14)	
Rekstrarniðurstaða fyrir óvenjulega liði .....	282	228	183	125	26	25	
Óreglulegir liðir .....	887	896	0	0	0	0	
Rekstrarniðurstaða .....	1.169	1.124	183	125	26	25	
<b>Efnahagur:</b>							
Eignir .....	4.934	4.965	4.026	3.958	3.799	3.859	
Eigið fé .....	3.383	3.393	2.381	2.231	2.173	2.162	
Skuldir og skuldbindingar .....	1.551	1.572	1.645	1.727	1.626	1.697	
<b>Sjóðstreymi</b>							
Veltufé frá rekstri .....	381	345	310	185	164	114	
Handbært fé frá rekstri .....	381	335	161	378	168	106	
Fjarfesting í varanlegum rekstrarfjármunum .....	179	136	(12)	241	28	42	
Íbúafjöldi .....	509	504	481	472	465	459	
Breyting frá fyrra ári% .....		6,8%	1,9%	2,8%	1,3%	6,5%	

## Skýringar

### 17. Lykiltölur, framhald

Lykiltölur fyrir A og B hluta - 5 ára yfirlit:	Áætlun með viðaukum	Ársreikningar				
		2019	2018	2017	2016	2015
<b>Ýmsar lykiltölur</b>						
<b>Í hlutfalli við rekstrartekjur (%)</b>						
Framlegð (EBITDA).....	21,8%	22,8%	21,5%	18,4%	12,6%	13,6%
Rekstrarniðurstaða.....	51,2%	51,8%	10,2%	7,0%	-1,0%	-1,0%
Veltufé frá rekstri.....	20,2%	21,1%	17,6%	13,6%	11,0%	8,7%
Fjárfesting í varanl. rekstrarfjármunum.....	14,0%	9,5%	-1,2%	10,7%	12,7%	-0,6%
Heildarskuldir og skuldb. - skuldahlutfall.....	83,0%	84,1%	91,7%	111,4%	129,1%	132,4%
<b>Önnur hlutföll</b>						
Langt.sk. og skuldb. / veltufé frá rekstri (ár).....	3,5	3,3	4,4	6,3	9,6	13,3
Veltufé frá rekstri / afb. skulda og skuldb.....	4,4	5,1	3,0	1,9	2,1	1,6
Veltufjárlutfall.....	4,9	4,6	1,5	0,6	0,7	0,9
<b>Fjárhagsleg viðmið sveitarstjórnarlaga</b>						
Jafnvægisregla.....	51,2%	51,8%	10,2%	7,0%	-1,0%	-1,0%
Skuldaviðmið.....	19,1%	28,3%	80,9%	111,4%	129,1%	132,4%
<b>Í hlutfalli við rekstrartekjur (%)</b>						
Útsvar .....	17,9%	18,8%	19,1%	20,6%	20,7%	17,4%
Fasteignaskattur .....	50,2%	47,6%	47,4%	45,6%	47,4%	47,3%
Framlög Jöfnunarsjóðs .....	5,6%	5,5%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%
Lóðarleiga .....	0,3%	0,3%	0,3%	0,3%	0,4%	0,4%
Skatttekjur samtals .....	74,1%	72,3%	66,8%	66,5%	68,4%	65,1%
Aðrar tekjur .....	25,9%	27,7%	33,2%	33,5%	31,6%	34,9%
	100,0%	100,0%	100,0%	100,0%	100,0%	100,0%
Laun og launatengd gjöld .....	34,1%	33,2%	32,2%	34,4%	37,2%	37,9%
Annar rekstrarkostnaður .....	44,0%	43,8%	46,1%	44,5%	50,2%	48,5%
Framlegð (EBITDA).....	21,8%	22,8%	21,5%	18,4%	12,6%	13,6%
Afskriftir .....	6,1%	5,9%	6,3%	7,4%	8,2%	8,2%
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) .....	3,8%	3,7%	5,0%	4,0%	5,4%	6,4%
Óreglulegir liðir .....	39,4%	38,5%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%
Rekstrarniðurstaða .....	51,2%	51,8%	10,2%	7,0%	-1,0%	-1,0%
<b>Í þúsundum króna á íbúa:</b>						
<b>Rekstur</b>						
Skatttekjur .....	1.669	1.682	1.500	1.308	1.180	1.063
Aðrar tekjur .....	584	645	746	659	544	571
Laun og launatengd gjöld .....	(768)	(773)	(724)	(677)	(641)	(619)
Annar rekstrarkostnaður .....	(991)	(1.020)	(1.036)	(875)	(866)	(792)
Afskriftir .....	(138)	(136)	(141)	(146)	(142)	(134)
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) .....	(86)	(86)	(112)	(78)	(92)	(105)
Rekstrarniðurstaða fyrir óvenjulega liði .....	270	312	232	190	(17)	(16)
Óvenjulegir liðir .....	887	896	0	0	0	0
Rekstrarniðurstaða .....	1.158	1.209	232	190	(17)	(16)
<b>Efnahagur:</b>						
Eignir .....	4.427	4.649	3.617	3.534	3.433	3.390
Eigið fé .....	2.558	2.693	1.558	1.342	1.207	1.227
Skuldir og skuldbindingar .....	1.870	1.957	2.058	2.192	2.227	2.163
<b>Sjóðstreymi</b>						
Veltufé frá rekstri .....	455	491	395	267	190	143
Handbært fé frá rekstri .....	455	492	225	457	268	136
Fjarfesting í varanlegum rekstrarfjármunum .....	315	218	68	211	219	(9)
Íbúafjöldi .....	509	504	481	472	465	459
Breyting frá fyrra ári% .....		6,8%	1,9%	2,8%	1,3%	6,5%

## Skýringar

### Samanburður rekstraráætlana

Í neðangreindu yfirliti er gerð grein fyrir rekstraráætlun fyrir árið 2019 samkvæmt upphaflega samþykktri fjárhagsáætlun sveitarfélagsins, samþykktum viðaukum og fjárhagsáætlun með viðaukum. Fjárhagsáætlun með viðaukum er birt í rekstrarrekningi og öðrum skýringum ársreikningsins til samanburðar við rauntölur ársins.

	Sveitarsjóður			Samantekin reikningsskil		
	A hluti		A og B hluti			
	Upphafleg fjárhags- áætlun	Viðaukar við fjárhags- áætlun	Fjárhags- áætlun með viðaukum	Upphafleg fjárhags- áætlun	Viðaukar við fjárhags- áætlun	Fjárhags- áætlun með viðaukum
<b>Tekjur</b>						
Skatttekjur .....	786.115	0	786.115	784.979	0	784.979
Framlög jöfnunarsjóðs .....	0	64.648	64.648	0	64.648	64.648
Aðrar tekjur .....	148.551	(0)	148.551	297.060	(0)	297.060
	<u>934.666</u>	<u>64.648</u>	<u>999.314</u>	<u>1.082.039</u>	<u>64.648</u>	<u>1.146.687</u>
<b>Gjöld</b>						
Laun og launatengd gjöld .....	376.465	0	376.465	392.500	0	392.500
Annar rekstrarkostnaður .....	408.770	32.611	441.381	471.976	32.611	504.587
	<u>785.235</u>	<u>32.611</u>	<u>817.846</u>	<u>864.476</u>	<u>32.611</u>	<u>897.087</u>
<b>Rekstrarniðurstaða fyrir afskriftir</b>						
	149.431	32.037	181.468	217.563	32.037	249.600
Afskriftir .....	(40.999)	0	(40.999)	(70.036)	0	(70.036)
<b>Rekstrarniðurstaða án fjármagnsliða</b>						
	108.432	32.037	140.469	147.527	32.037	179.564
Fjármagnsliðir .....	1.262	0	1.262	(43.608)	0	(43.608)
<b>Niðurstaða fyrir óreglulega liði</b>						
	109.694	32.037	141.731	103.919	32.037	135.956
Óreglulegir liðir .....	0	451.677	451.677	0	451.677	451.677
<b>Rekstrarniðurstaða</b>						
	<u>109.694</u>	<u>483.714</u>	<u>593.408</u>	<u>103.919</u>	<u>483.714</u>	<u>587.633</u>

## Skýringar

### Samanburður sjóðstreymisáætlana

Í neðangreindu yfirliti er gerð grein fyrir sjóðstreymisáætlun fyrir árið 2019 samkvæmt upphaflega samþykkti fjárhagsáætlun sveitarfélagsins, samþykktum viðaukum og fjárhagsáætlun með viðaukum. Fjárhagsáætlun með viðaukum er birt í sjóðstreymisyfirliti og öðrum skýringum ársreikningsins til samanburðar við rauntölur ársins.

	Sveitarsjóður			Samantekin reikningsskil		
	A hluti		A og B hluti			
	Upphafleg fjárhags-áætlun	Viðaukar við fjárhags-áætlun	Fjárhags-áætlun með viðaukum	Upphafleg fjárhags-áætlun	Viðaukar við fjárhags-áætlun	Fjárhags-áætlun með viðaukum
<b>Rekstrarhreyfingar</b>						
Rekstrarniðurstaða ársins .....	109.694	483.714	593.408	103.919	483.715	587.633
Liðir sem hafa ekki áhrif á fjárvstreymi:						
Reiknaðar afskriftir .....	40.999	0	40.999	70.036	0	70.036
Verðbætur .....	10.994	0	10.994	25.739	0	25.739
Óreglulegar tekjur .....	0	(451.677)	(451.677)	0	(451.677)	(451.677)
Veltufé frá rekstri .....	161.687	32.037	193.724	199.694	32.038	231.731
Breytingar á skammtímalíðum .....	0	0	0	0	0	0
<b>Handbært fé frá rekstri</b>	<u>161.687</u>	<u>32.037</u>	<u>193.724</u>	<u>199.694</u>	<u>32.038</u>	<u>231.731</u>
<b>Fjárfestingahreyfingar</b>						
Fjárfesting í rekstrarfjármunum .....	(22.000)	(69.000)	(91.000)	(93.000)	(69.000)	(162.000)
Langtímakröfur, breyting .....	1.633	0	1.633	1.704	0	1.704
Langtímakr. eigin stofnanir, br. ....	(538.660)	0	(538.660)	0	0	0
	(559.027)	(69.000)	(628.027)	(91.296)	(69.000)	(160.296)
<b>Fjármögnumnarhreyfingar</b>						
Afborganir langtímalána .....	(41.331)	0	(41.331)	(52.807)	0	(52.807)
Eigin fyrirtæki, breyting .....	495.269	0	495.269	0	0	0
Óreglulegar tekjur .....	451.677	451.677	905.615	(52.807)	451.677	451.677
	453.938	451.677				
<b>Hækjun á handbæru fé</b>	56.598	414.714	471.312	55.591	414.715	470.305
<b>Handbært fé í ársbyrjun</b> .....	<u>77.519</u>	<u>0</u>	<u>77.519</u>	<u>79.016</u>	<u>0</u>	<u>79.016</u>
<b>Handbært fé í árslok</b>	<u>134.117</u>	<u>414.714</u>	<u>548.831</u>	<u>134.607</u>	<u>414.715</u>	<u>549.321</u>